

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hörgársveit.

*Breyting á deiliskipulagi fyrir Lónsveg 9 og 11.*

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti 14. ágúst 2025 breytingu á deiliskipulagi fyrir Lónsveg 9 og 11.

Breytingin felur í sér að almenn ákvæði um íbúðir, einbýlishús og fjölbýlishús úr kafla 3.6 í greinargerð deiliskipulagsins er breytt og ný ákvæði bætast við:

Sérákvæði um lóð nr. 9 og 11:

Byggingarmagn á við A- og B-rými.

Allir byggingarhlutar skulu vera innan byggingarreits, undantekningar á því eru:

Útivistarsvalir mega ná 2,20 m út fyrir byggingarreit.

Þakbrúnir mega ná 0,6 m út fyrir byggingarreit.

Sorpgærði mega vera utan byggingarreits.

Heimilt verður að byggja hjóla- og vagnageymslu utan byggingarreits, allt að 30 m<sup>2</sup> að stærð á hvorri lóð.

Útistigar mega vera utan byggingarreits.

Heimilt er að byggja geymslukjallara á lóðunum nr. 9 og 11.

Þakhalli skal vera á bilinu 0°-22°, mænispak eða einhalla þak.

Vegghæð er heimil 6,5 m.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og var grenndarkynnt skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*F.h. Hörgársveitar, 30. september 2025.*

**Arnar Ólafsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B deild - Útgáfudagur: 20. október 2025